

Ár 2025, miðvikudaginn 11. júní kl. 12.15 er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímannssyni dómara í Dómstól ÍSÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2025:

**Kraftlyftingasamband Íslands (KRAFT)
gegn
Grétari Skúla Gunnarssyni**

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

I

Úrskurður:

Þann 26. febrúar 2025 móttók ÍSÍ úrskurð stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands, ásamt fylgiskjöllum, uppkveðinn 25. febrúar 2025. Úrskurðinum er skotið til dómstóls ÍSÍ á grundvelli 40.1. gr. laga ÍSÍ.

Málinu var úthlutað til Gunnars Guðmundssonar dómara, sem kallaði eftir greinargerð verjanda. Greinargerð verjanda barst 19. mars 2025. Á liðnu Íþróttapingi 16. – 17. maí s.l. urðu breytingar á dómstól ÍSÍ. Gunnar hefur nú látið af störfum og hefur Halldór Frímannsson dómari tekið við málinu. Greinargerðin var send sóknaraðila 28. maí til umsagnar. Svar barst samdægurs frá sóknaraðila, sem sent var til varnaraðila til umsagnar. Svar barst frá varnaraðila 4. júní 2025.

Málið er skriflega flutt og tekið til úrskurðar.

Í úrskurði stjórnar KRAFT segir eftirfarandi um málavexti:

“Þriðjudaginn 31. desember 2024 var gamlársmót Kraftlyftingafélags Akureyrar (KFA) haldið í aðstöðu félagsins á Hjalteyri. Um var að ræða mót þar sem keppt var í bekkpressu. Í kjölfar mótsins bárust stjórn KRAFT nokkrar ábendingar um að þú hefðir tekið þátt í mótinu sem dómari og/eða starfsmaður þrátt fyrir að hafa verið úrskurðaður óhlutgengur þann 15. ágúst 2024 af stjórn KRAFT í 12 mánuði.”

Í úrskurði KRAFT er varnaraðili úrskurðaður óhlutgengur í 12 mánuði frá og með 25. febrúar 2025. Skal hann sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og er hann sviptur rétti til að gegna trúnaðarstöfum innan kraftlyftingasambandsins.

Í forsendum fyrir þessari niðurstöðu segir eftirfarandi í úrskurði stjórnar KRAFT:

“Brot þitt nú er annað alvarlega brotið sem þú gerist sekur um á stuttu tímabili en atvik þau sem lágu til grundvallar við úrskurð um óhlutgengi áttu sér stað í október 2023. Við ákvörðun viðurlaga nú er rétt að horfa til fyrra brots. Þá er rétt að horfa til þess við ákvörðun viðurlaga að þú hafir ákveðið að hunsa úrskurð Áfrýjunardómstóls ÍSÍ en að mati stjórnar KRAFT felst í því alvarlegur ásetningur og fullkomið skeytingarleysi gagnvart regluverki íþróttahreyfingarinnar.

Með vísan til 6. gr. mótareglna KRAFT, 31. gr. laga KRAFT og í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða stjórnar KRAFT að óhjákvæmilegt sé að beita ákvæði 40. gr. laga ÍSÍ og úrskurða þig til óhlutgengis, þ.e. útiloka þig frá þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og svipta þig rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan kraftlyftingasambandsins, sbr. c-liður greinar 38.2 í lögum ÍSÍ. Skal tímalengd óhlutgengis vera 12 mánuðir frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja.”

Í greinargerð varnaraðila, dags. 19. mars 2025 kemur eftirfarandi fram:

“Ég, Grétar Skúli Gunnarsson, mótmæli hér með úrskurði KRAFT frá 25. febrúar 2025, þar sem ég var útilokaður frá þátttöku í starfi KRAFT í 12 mánuði vegna meintra brota á óhlutgengisreglunni. Ég fer fram á að Dómstóll ÍSÍ ógildi úrskurðinn og staðfesti að hann sé óskilvirkur, óréttlætanlegur og ekki í samræmi við reglur ÍSÍ.....”

“Kröfur mínar til Dómstóls ÍSÍ Með vísan til ofangreindra raka er farið fram á eftirfarandi:
1. Að úrskurður KRAFT verði ógiltur í heild sinni, þar sem hann byggir á röngum forsendum og er ekki í samræmi við reglur KRAFT eða ÍSÍ.

2. Að Dómstóll ÍSÍ staðfesti að Gamlármótið 2024 var ekki innan KRAFT-reglna, þar sem það var ekki á mótaskrá sambandsins.

3. Að staðfest verði að undirritaður hafi ekki gegnt neinu hlutverki sem starfsmaður eða dómari á mótinu, og að það sé hlutverk KRAFT að sanna annað.

4. Að KRAFT verði gert að veita skýrari reglur um mörk milli formlegra móta og annarra viðburða, svo svona lagaþrætur endurtaki sig ekki.”

Svar sóknaraðila, dags. 28. maí 2025 við greinargerð varnaraðila er eftirfarandi:

„Í ljósi nýuppkveðins dóms í máli Kraftlyftingafélags Akureyrar, sem varðar nákvæmlega sama sakarefni og þetta mál hér, ætlar kærandi að halda málinu til streitu?

Er honum ljóst að dómstóll ÍSÍ er nú þegar búinn að taka afstöðu til þessara sjónarmiða sem hann byggir á í málinu?”

Í svari varnaraðila, dags. 4. júní 2025, við svari sóknaraðila kemur eftirfarandi fram:

“Ég mun ekki halda þessu máli til streitu. Ég hef engan áhuga á að koma nálægt þessu sambandi eða þessum aðilum. Ég er ekki kærandi í málinu, heldur KRAFT, og Gamlármótið hefur ekki verið skráð mót frá 2010 samkvæmt mótagagnagrunni KRAFT.

Ég hef þegar sent inn greinargerð í mars þar sem ég setti fram mína opinberu afstöðu til málsins. Ég hef ekki keppt eða æft íþróttir í meira en áratug og tel mig ekki lengur íþróttamann. Það er á ábyrgð kæranda að leggja fram sönnunargögn ef þeir telja að önnur staða sé fyrir hendi.....

Ég legg því til að málinu verði vísað frá og óska eftir staðfestingu á þeirri niðurstöðu svo ég geti lokið þessum hluta málsins formlega og snúið mér alfarið að uppbyggingu íþróttastarfs.”

II

Niðurstaða.

Ágreiningur málsins snýst um hvort varnaraðili, sem var óhlutgengur, hafi gerst brotlegur með veru sinni á Gamlármóti KFA, sem fram fór 31. desember 2024 á Hjalteyri. Varnaraðili heldur því fram að hann hafi ekki haft neitt hlutverk á mótinu, auk þess hafi mótið ekki verið eiginlegt kraftlyftingamót,

Sóknaraðili heldur því fram að um hafi verið að ræða kraftlyftingamót og gögn og upplýsingar frá mótinu sýni að varnaraðili hafi haft hlutverk á mótinu.

Samhliða þessu máli var rekið annað mál fyrir dómstólnum, mál nr. 4/2025. Í málinu var kveðinn upp dómur 12. maí 2025.

Í forsendum fyrir niðurstöðu máls nr. 4/2025 kemur eftirfarandi fram:

“Í málinu er deilt um hvort mót sem kærandi hélt á gamlársdag hafi verið mót sem fellur undir reglugerð kærða um kraftlyftingakeppni (mótareglur) eins og byggt er á í hinum kærða úrskurði. Einnig er deilt um aðkomu Grétars Skúla Gunnarssonar að mótinu, á meðan hann sætir óhlutgengi skv. dómi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ, þar sem hann var dæmdur til að sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og var sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan Kraftlyftingasambandsins frá 15. ágúst 2024 til 15. apríl 2025.....

Varðandi aðkomu Grétar Skúla að mótinu, byggir kærði á myndum frá mótinu af Grétari Skúla þar sem sést að Grétar Skúli er viðstaddur keppni sem fram fer á palli eða sviði. Kærði kveður myndir sýna að Grétar Skúli hafi haft hlutverk á mótinu á meðan hann var óhlutgengur.

Á grundvelli þessa úrskurðar kærði mótið ógilt, með vísan til 16. gr. mótareglna KRAFT, þar sem segir að stjórn KRAFT geti ógilt mót ef alvarlegur misbrestur er á framkvæmd, t.d. ef óhlutgengir keppa eða starfa á mótinu.....

Af gögnum málsins verður ráðið að kærandi auglýsti á samfélagsmiðli félagsins, 30. desember 2024, að Gamlármót KFA, klassískt og árlegt mót sem væri haldið í 33 skipti færi fram næsta dag. Í auglýsingunni var nánar greint frá dagsetningu, staðsetningu, tímasetningum og hollaskipan. Loks voru keppendur og áhorfendur hvattir til að mæta tímanlega til að njóta þessa stórkostlega viðburðar og skapa frábæra stemmingu fyrir gamlársdag og þess óskað að öllum keppendum gangi vel.

Með vísan til þessa og myndanna frá mótinu sem liggja frammi í málinu kemur ekkert fram um annað en hér hafi verðið um hefðbundið mót að ræða á vegum KFA. Ætla verður að hafi það ekki verið meiningin hafi það átt að koma fram í auglýsingunni. Það er álit dómsins að hér hafi verið um kraftlyftingamót að ræða.

Einnig er það álit dómsins að viðvera Grétar Skúla á mótinu, eins og fram kemur á myndum frá mótinu, sé óheimil á meðan hann sætir óhlutgengi.”

Á liðnu Íþróttapingi 16. – 17. maí 2025 voru samþykktar breytingar á gr. 40.1 í lögum ÍSÍ, þar sem segir: “Kveði úrskurður sérsambandsdómstóls á um óhlutgengi í 12 mánuði eða lengur skal skjóta málinu til Dómstóls ÍSÍ til ákvörðunar um hvort brot viðkomandi séu þess eðlis að úrskurður um óhlutgengi skuli ná til íþróttahreyfingarinnar í heild sinni.” Þetta ákvæði var ekki í gildi þegar Gamlármót KFA fór fram og reynir því ekki á ákvæðið í þessu máli.

Tilvísun sóknaraðila í úrskurði sínum til 31. gr. laga KRAFT er ekki rétt, þar sem tilvitnað orðalag í úrskurðinum á augljóslega við 30. gr. laga KRAFT þar sem kveðið er á um meðferð deilumála og/eða kvartana.

Með vísan til þess að sömu rök og sjónarmið eiga við í þessu máli og forsendna úrskurðar KRAFT er það niðurstaða dómstóls ÍSÍ í máli þessu, að staðfesta beri með úrskurði úrskurð stjórnar KRAFT sem skotið var til dómstóls ÍSÍ 26. febrúar 2025. Kröfum varnaraðila nr. 1-3 í málinu er hafnað og kröfu nr. 4 er vísað frá dómi.

III

Úrskurðarorð:

Úrskurður KRAFT, frá 25. febrúar 2025, þar sem Grétar Skúli Gunnarsson er úrskurðaður óhlutgengur í 12 mánuði frá og með 25. febrúar 2025 og skal hann frá sama tíma sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og vera sviptur rétti til að gegna trúnaðarstöfum innan kraftlyftingasambandsins, er staðfestur.



Halldór Frímannsson
Dómari

Aðilum er bent á ákvæði 35.3 í lögum ÍSÍ þar sem segir að frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.